



Umhverfisstofnun

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2016

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Niðurstöður og ábendingar	4
3	Fjárheimildir og rekstur	5
3.1	Fjárheimildir	5
3.2	Rekstraráætlun.....	5
3.3	Niðurstaða.....	6
4	Innra eftirlit.....	7
4.1	Inngangur	7
4.2	Umfjöllun	7
4.3	Niðurstaða.....	7
5	Fylgni við lög og reglur.....	8
5.1	Inngangur	8
5.1.1	Ferðakostnaður.....	8
5.1.2	Risna.....	8
5.1.3	Opinber innkaup	8
5.1.4	Innkaupakort.....	8
5.1.5	Láns- og reikningsviðskipti	8
5.1.6	Styrkir.....	8
5.1.7	Virðisaukaskattur og endurgreiðslur	8
5.2	Niðurstöður	9
6	Endurskoðun rekstrarliða	10
6.1	Sértekjur.....	10
6.1.1	Innbyrðis framlög milli A-hluta stofnana	10
6.1.2	Rekstrarframlög frá opinberum aðilum og alþj.stofnunum ..	10
6.1.3	Framlög til fjárfestinga frá innlendum opinberum aðilum	11
6.1.4	Sérfræðipjónusta	11
6.1.5	Námskeiðsgjöld.....	11
6.1.6	Ýmsar vörur.....	11
6.1.7	Aðrar tekjur.....	11
6.2	Ríkistekjur.....	11
6.2.1	Markaðar tekjur - Gjald af veiðikorti	11
6.2.2	Markaðar tekjur - Veiðileyfi hreindýraráðs	11
6.2.3	Aðrar rekstrartekjur - Mengunareftirlitsgjald.....	11
6.2.4	Annað.....	11
6.3	Laun og launatengd gjöld.....	12
6.4	Önnur rekstrargjöld.....	12
6.5	Niðurstaða.....	12
7	Endurskoðun efnahagsliða	13
7.1	Eignir	13
7.1.1	Birgðir.....	13
7.1.2	Viðskiptakröfur	13
7.1.3	Vörslufé.....	13
7.1.4	Handbært fé.....	14
7.1.5	Ríkissjóður.....	14
7.2	Eigið fé og skuldir	14
7.2.1	Höfuðstóll	14

	7.2.2	Viðskiptaskuldir.....	14
	7.3	Niðurstaða.....	14
8		Önnur atriði	15
	8.1	Staðfestingarbréf stjórnenda	15
	8.2	Lögfræðibréf	15
	8.3	Óhæðisyfirlýsing.....	15
	8.4	Umfang endurskoðunar, yfirlýsing.....	15

1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Umhverfisstofnunar fyrir árið 2016

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ársreikningur Umhverfisstofnunar hefur verið reglulega til skoðunar undanfarin ár, síðast á árinu 2016 vegna ársins 2015.

2 Niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun ársreiknings Umhverfisstofnunar fyrir árið 2016 er lokið og var í meginatriðum án athugasemda.

3 Fjárheimildir og rekstur

3.1 Fjárheimildir

Framlag ríkissjóðs á fjárlögum 2016 nam 896,5 m.kr. Til viðbótar fékk stofnunin 129 m.kr. í fjárukalögum vegna almenns reksturs, 4,2 m.kr. í viðhaldsverkefni vegna þjóðgarða og friðlýstra svæða auk þess sem 4,5 m.kr. voru millifærðar af fjárlagalið 09-973 vegna tjóns á bifreið. Endanleg fjárheimild ársins var því 1.034,2 m.kr. Rekstrargjöld að frádregnum tekjum námu samtals 988,3 m.kr. og var því 45,9 m.kr. tekjuafgangur á árinu 2016 sem er 4,4% af fjárheimildum ársins.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2016 ásamt rekstrarniðurstöðu ársins 2015:

Í þús. kr.	Fjárlög 2016	Fjárheimild 2016	Rekstur 2016	Frávik 2016	Rekstur 2015
Ríkistekjur	-209.000	-209.000	-213.340	4.340	-223.493
Sértekjur	-163.400	-163.400	-360.482	197.082	-321.161
Launagjöld	732.100	795.100	712.706	82.394	608.140
Önnur rekstrargjöld	309.000	383.700	641.191	-257.491	563.096
Eignakaup	37.200	37.200	34.314	2.886	29.622
Tilfærslur	190.600	190.600	173.885	16.715	191.083
Samtals	896.500	1.034.200	988.274	45.926	847.286

Ríkistekjur voru 4,3 m.kr. hærrí en gert var ráð fyrir í fjárheimildum og sértekjur voru 197,1 m.kr. hærrí en fjárheimildir gerðu ráð fyrir. Launagjöld voru 82,4 m.kr. lægri og önnur rekstrargjöld voru 257,5 m.kr. hærrí en fjárheimildir samkvæmt fjárheimildakerfi.

3.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar, hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins.

Rekstraráætlun Umhverfisstofnunar fyrir árið 2016 var skráð í fjárhagskerfi ríkisins. Í rekstraráætlun var fjárheimildum skipt með öðrum hætti en í fjárheimildakerfinu og gerði rekstraráætlun ráð fyrir umtalsvert hærrí sértekjum og öðrum rekstrarkostnaði. Rekstraráætlun var nær rekstrarniðurstöðu ársins en fjárheimildir. Rekstraráætlun í byrjun árs gerði ráð fyrir 43,1 m.kr. tekjuhalla en niðurstaðan varð 45,9 m.kr. tekjuafgangur árið 2016.

3.3 Niðurstaða

Tekjuafgangur Umhverfisstofnunar árið 2016 nam 45,9 m.kr. sem var betri niðurstaða en gert var ráð fyrir í rekstraráætlun. Rekstraráætlun var skráð í fjárhagskerfi ríkisins og fylgst er með frávikum frá áætlun innan ársins.

4 Innra eftirlit

4.1 Inngangur

Forstjóri Umhverfisstofnunar ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur.

4.2 Umfjöllun

Greining og mat á eftirlitsumhverfinu bendir til þess að innra eftirlit sé almennt í lagi. Skipurit er til fyrir stofnunina og skriflegar reglur eru til staðar í gæðahandbók stofnunarinnar fyrir ýmsa verkferla varðandi fjármál, innkaup, upplýsingakerfi og starfsmannamál. Auk þess eru skráðir ferlar um margvísleg verkefni sem heyra undir stofnunina. Skipulag ábyrgðar og umsjónar með bókhaldi og fjárreiðum er vel skilgreint og afmarkað. Umhverfisstofnun er með vottað gæðakerfi sem er tekið út árlega af viðurkenndum breskum vottunaraðila (ISOQAR).

Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins er notað fyrir vinnslu á bókhaldi og launaafgreiðslu. Stofnunin nýtir einnig viðeigandi kerfishluta fjárhagskerfisins eins og fyrir viðskiptaskuldir, viðskiptakröfur og eignaskráningu.

Ríkistekjur eru markaðar tekjur og rekstrartekjur. Markaðar tekjur eru að mestu leyti tekjur af veiðikortum og veiðileyfum hreindýraráðs. Mengunareftirlitsgjald flokkast sem rekstrartekjur og er álagning gjaldsins gerð í tekjubókhaldskerfi ríkisins (TBR). Sértekjur eru umtalsverðar og að stórum hluta framlög frá öðrum opinberum aðilum. Fjallað er nánar um ríkistekjur og sértekjur í kafla 6 um endurskoðun rekstrarliða.

Forstöðumaður undirritar ráðningarsamninga og viðveruskráningarkerfið Vinnustund er notað fyrir skráningu á viðveru og fjarvistum. Samþykktarferli reikninga er að hluta til rafrænt og tvo aðila þarf til að samþykkja reikninga til greiðslu.

4.3 Niðurstaða

Endurskoðun á virkni innra eftirlits hjá Umhverfisstofnun varðandi fjármál og bókhald var án athugasemda. Ekki er annað að sjá en að ferlið sé skilvirkt og að metnaður sé lagður í að fylgja því skipulagi sem ákveðið hefur verið hjá stofnuninni.

5 Fylgni við lög og reglur

5.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun er tekið mið af því hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, rekstrarverkefni og starfsvenjur þar sem við á. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 3. Eftirfarandi liðir voru teknir til skoðunar vegna ársins 2016:

5.1.1 Ferðakostnaður

Samkvæmt athugun á úrtaki ferðareikninga er reglum Fjársýslu um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins fylgt og það á einnig við um uppgjör slíkra ferða. Ferðareikningi er skilað á eyðublaði sem Fjársýsla ríkisins hefur látið gera.

5.1.2 Risna

Risnureikningar ársins 2016 voru skoðaðir með úrtaksskoðun. Tilefni risnu var skilgreint og reikningar samþykktir af forstjóra samkvæmt reglum um risnu.

5.1.3 Opinber innkaup

Verklagsreglur um innkaup fyrir Umhverfisstofnun eru skráðar og eru þær í samræmi við reglur ríkisins, þar á meðal um notkun rammamanna Ríkiskaupa þar sem því verður við komið.

5.1.4 Innkaupakort

Umhverfisstofnun nýtir innkaupakort aðallega fyrir innlendan ferðakostnað starfsmanna í stað dagpeninga, en einnig til matvælaokaupa. Skriflegar reglur eru um notkun innkaupakorta hjá stofnuninni.

5.1.5 Láns- og reikningsviðskipti

Umhverfisstofnun er ekki með samninga um kaupleigu eða fjármögnunarleigu og ekki heldur skuldbindingar til lengri tíma en 90 daga.

5.1.6 Styrkir

Veittir styrkir og framlög frá Umhverfisstofnun á árinu 2016 námu samtals 173,9 m.kr. Meðtaldar undir þessum lið eru arðgreiðslur til landeigenda og fleiri aðila samkvæmt sérstakri reglugerð um veiðileyfi hreindýraráðs og er það stærsti hlutinn. Rannsóknarstyrkir úr veiðikortasjóði eru veittir á grundvelli áætlana frá Náttúrufræðistofnun Íslands. Veittir styrkir eru gjaldfærðir og skuldfærðir fyrir greiðslu.

5.1.7 Virðisaukaskattur og endurgreiðslur

Bókun og merking reikninga sem bera VSK er í samræmi við fyrirmæli Fjársýslu ríkisins. Inneign vegna endurgreiðslu VSK færir til eignar á viðskiptareikningi stofnunarinnar við ríkissjóð.

5.2 Niðurstöður

Ekki verður annað séð en að Umhverfisstofnun fylgi þeim lögum og reglugerðum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnana í A-hluta.

6 Endurskoðun rekstrarliða

6.1 Sértekjur

Samkvæmt rekstrarreikningi árið 2016 námu sértekjur Umhverfisstofnunar 360.5 m.kr. eða 197,1 m.kr. umfram fjárheimildir eins og kemur fram í kafla 3.

Í þús.kr.	2016	2016	2016	2015
Sértekjur	Umhverfis- stofnun	Þjóðgarðar og friðlýst svæði	Samtals	Samtals
Innbyrðis framlög milli A-hluta stofnana	50.009	37.666	87.676	28.580
Rekst.frml. frá opinb. aðilum og alþjóðast.	8.727		8.727	7.615
Framlög til fjárfestinga frá innlendum opinberum aðilum	15.000	117.277	132.277	136.750
Sérfræðiþjónusta	11.340		11.340	15.197
Námskeiðsgjöld	28.441		28.441	24.076
Ýmsar vörur	52.282		52.282	72.587
Aðrar tekjur	39.740		39.740	36.356
Sértekjur alls	205.539	154.943	360.482	321.161
Ríkistekjur				
Markaðar tekjur - Gjald af veiðikorti	40.282		40.282	43.053
Markaðar tekjur - Veiðileyfi hreindýraráðs	124.881		124.881	143.390
Aðrar rekstrartekjur – Mengunareftirlitsgjald	45.001		45.001	34.466
Annað	3.177		3.177	2.584
Ríkistekjur alls	213.340		213.340	223.493
Tekjur samtals	418.879	154.943	573.822	544.654

6.1.1 Innbyrðis framlög milli A-hluta stofnana

Um er að ræða framlög frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til framkvæmda sem stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða í opinberri eigu eða umsjón um land allt. Einnig er um að ræða greiðslur frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti m.a. vegna samninga og verkefna á sviði loftslagsmála og matarsóunar. Aukning frá árinu 2015 er 59 m.kr. eða 207%.

6.1.2 Rekstrarframlög frá opinberum aðilum og alþjóðastofnunum

Rekstrarframlög eru aðallega annars vegar frá hagdeild framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (e. Europena Comission, Eurostad) vegna matarsóunarverkefnis og hins vegar frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti vegna grænna skrefa í ríkisrekstri. Einnig fékkst framlag frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti vegna ástandsmats áfangastaða ferðamanna.

6.1.3 Framlög til fjárfestinga frá innlendum opinberum aðilum

Um er að ræða styrki frá framkvæmdasjóði ferðamannastaða til uppbyggingar innviða á friðlýstum svæðum.

6.1.4 Sérfræðiþjónusta

Til sérfræðiþjónustu flokkast m.a. greiðslur vegna starfsleyfa og eftirlits.

6.1.5 Námskeiðsgjöld

Námskeiðsgjöld eru greiðslur sem falla til vegna námskeiða og prófa sem haldin eru á vegum Umhverfisstofnunar. Um er að ræða veiðinámskeið, skotvopnanámskeið, skotpróf, landvarðanámskeið og námskeið fyrir hreindýraleiðsögumenn.

6.1.6 Ýmsar vörur

Undir ýmsar vörur falla tekjur vegna útgáfu leyfa til hreindýraleiðsögumanna, umsókna um starfsleyfi, skráningargjöld, sektargjöld, umsýslugjöld og greiðslur vegna samnings um Vatnshelli í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli.

6.1.7 Aðrar tekjur

Aðrar tekjur eru m.a. kostnaðarhlutdeild í sameiginlegri þjónustu, tekjur af umhverfismerkinu Svanurinn og endurgreiddur ferðakostnaður frá erlendum stofnunum. Einnig eru meðtalin 2,5 m.kr. andvirði seldrar bifreiðar.

6.2 Ríkistekjur

Samkvæmt rekstrarreikningi árið 2016 námu ríkistekjur Umhverfisstofnunar 213,3 m.kr. eða 4,3 m.kr. hærri en fjárheimildir eins og kemur fram í kafla 3.

6.2.1 Markaðar tekjur - Gjald af veiðikorti

Veiðikort er hægt að fá útgefið að afloknu veiðikortanámskeiði. Veiðikort gefur almenn réttindi til þess að stunda skotveiðar á Íslandi. Allir sem stunda almennar fugla-, refa-, eða hreindýraveiðar verða að vera handhafar veiðikorts.

6.2.2 Markaðar tekjur - Veiðileyfi hreindýraráðs

Sala hreindýraveiðileyfa á árinu 2016 nam um 125 m.kr. og hafði dregist saman um 19 m.kr. frá fyrra ári eða um 13%. Andvirði seldra veiðileyfa er að mestu leyti greitt til landeigenda í formi arðs.

6.2.3 Aðrar rekstrartekjur - Mengunareftirlitsgjald

Mengunareftirlitsgjöld eru gjöld sem innheimt eru vegna eftirlits með mengandi starfsemi.

6.2.4 Annað

Ýmis leyfisgjöld og leyfi til að selja, kaupa og fara með hættuleg efni.

6.3 Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld á árinu 2016 námu 712,7 m.kr. og hækkuðu um 104,6 m.kr. frá fyrra ári eða 17,2%. Á árinu 2016 var greitt fyrir 79,8 ársverk á dagvinnu miðað við 72,7 ársverk á fyrra ári sem er hækkun um 7,1 ársverk eða 9,7%. Laun og launatengd gjöld á ársverk hækkuðu um 6,8%.

Við launaendurskoðun ársins 2016 voru skoðaðar allar launahreyfingar starfsmanna á launalista og breytingar milli árana 2015 og 2016 bornar saman. Launabreytingar fylgdu kjarasamningum auk breytinga á grunnröðun. Skýringar fengust á launabreytingum.

Úrtak starfsmanna var tekið til sérstakrar skoðunar, þar sem m.a. var farið yfir ráðningarsamninga, launaseðla, vinnuskýrslur og önnur atriði í launavinnslunni.

6.4 Önnur rekstrargjöld

Önnur rekstrargjöld á árinu 2016 námu 641,2 m.kr. og hækkuðu um 78 m.kr. frá fyrra ári eða 13,9%. Tilfærslur námu 174 m.kr. og lækkuðu um 17,2 m.kr. frá fyrra ári eða 9%. Stærstur hluti tilfærslna er greiðslur til landeigenda af veiðileyfasölu samkvæmt 14. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, sbr. reglugerð nr. 487/2003 um skiptingu arðs af hreindýraveiðum.

Við endurskoðunina var farið yfir kostnað stofnunarinnar og færslur skoðaðar í hreyfingalista bókhalds auk samanburðar á milli ára. Einnig voru fylgiskjöl skoðuð eftir úrtaki. Athugað var hvort færslur væru færðar á rétta bókhaldslykla, reikningar samræmdust starfsemi stofnunarinnar og væru áritaðir til greiðslu.

6.5 Niðurstaða

Ekki komu fram athugasemdir við endurskoðun rekstrarliða.

7 Endurskoðun efnahagsliða

Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2016 námu eignir 424,2 m.kr., skuldir námu 122,1 m.kr., vörslufé nam 68,1 m.kr. og höfuðstóll var jákvæður um 234,0 m.kr.

Í þús.kr.	2016	2015	Breyting
Eignir:			
Birgðir	827	462	365
Ríkissjóður	141.874	290.214	-148.340
Viðskiptakröfur	211.715	85.962	125.753
Vörslufé	68.131	96.744	-28.613
Handbært fé	1.656	1.835	-179
Eignir alls	424.203	475.217	-51.014
Eigið fé og skuldir:			
Höfuðstóll	233.991	188.048	45.943
Viðskiptaskuldir	122.081	190.425	-68.344
Vörslufé	68.131	96.744	-28.613
Eigið fé og skuldir alls	424.203	475.217	-51.014

7.1 Eignir

7.1.1 Birgðir

Birgðir í árslok voru 827 þús. og höfðu aukist um 365 þús. frá fyrra ári. Birgðir samanstanda af ýmsum bókum, göngu- og þjóðgarðsbæklingum og póst-, náttúru- og sögukortum sem eru til sölu í þjóðgarðinum.

7.1.2 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur í árslok námu 211,7 m.kr. og höfðu hækkað um 125,8 m.kr. frá fyrra ári. Hækkunin stafar m.a. af aukinni inneign hjá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða sem var í árslok 146,7 m.kr. en var 16,6 m.kr. í árslok 2015. Einnig voru 36,5 m.kr. viðskiptakröfur vegna útgefinna reikninga í tekjubókhaldskerfinu. Viðskiptakröfur á framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og A-hluta stofnanir ríkisins námu samtals 9,6 m.kr. og álögd ógreidd gjöld í tekjubókhaldskerfi ríkisins námu 17,6 m.kr. í árslok 2016.

7.1.3 Vörslufé

Þrjú bankareikningar voru í bókhaldi stofnunarinnar í árslok 2016 vegna umsjónar með vörslufé. Samræmi var milli stöðu bókhalds og bankayfirlita í árslok 2016. Vörsluféð nam samtals 68,1 m.kr., þar af 37 m.kr. vegna Norrænu ráðherranefndarinnar og 31 m.kr. vegna NVK, Norrænu nefndarinnar um veiðirannsóknir. Mótfærsla vegna vörslufjár kemur einnig fram á skuldahlið efnahagsreiknings.

7.1.4 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af innstæðum á tíu bankareikningum, samtals að fjárhæð 1.626,4 þús.kr. og 30 þús.kr. skiptimyntarsjóði. Tveir af bankareikningunum eru með innstæðu í erlendri mynt. Við endurskoðun var óskað eftir staðfestingu viðskiptabanka á bankainnstæðum og var niðurstaðan sú að staða á bankareikningum var í samræmi við stöðu í bókhaldi Umhverfisstofnunar.

7.1.5 Ríkissjóður

Inneign hjá ríkissjóði nam 141,8 m.kr. í árslok 2016 og hafði lækkað um 148,3 m.kr. frá fyrra ári.

7.2 Eigið fé og skuldir

7.2.1 Höfuðstóll

Í árslok 2016 var höfuðstóll stofnunarinnar jákvæður um 234,0 m.kr. og hafði hækkað um 45,9 m.kr. frá árinu á undan eða sem nemur tekjuafgangi ársins.

7.2.2 Viðskiptaskuldir

Við árslok 2016 námu skammtímaskuldir 122 m.kr. Þar af voru 73,1 m.kr. viðskiptaskuldir samkvæmt viðskiptaskuldakerfinu, 23,7 m.kr. ógreiddir styrkir og 15,9 m.kr. fyrirframgreiddir styrkir til stofnunarinnar.

7.3 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun gerir ekki athugasemdir við efnahagsliði.

8 Önnur atriði

8.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda sem sent var til stofnunarinnar af Fjársýslu ríkisins, var samþykkt og undirritað af forstjóra og fjármálastjóra þann 12. apríl 2017.

8.2 Lögfræðibréf

Samkvæmt upplýsingum frá stofnuninni, m.a. því sem kemur fram í staðfestingarbréfi stjórnenda, voru engin málaferli í gangi varðandi stofnunina sem fela í sér fjárskuldbindingar fyrir stofnunina.

8.3 Óhæðisyfirlýsing

Óhæðisyfirlýsingar þeirra endurskoðenda sem sáu um endurskoðun hjá Umhverfisstofnun voru undirritaðar.

8.4 Umfang endurskoðunar, yfirlýsing

Yfirlýsing um umfang endurskoðunar hjá stofnuninni var undirrituð af ríkisendurskoðanda og forstjóra Umhverfisstofnunar.

Í yfirlýsingunni er gerð grein fyrir ábyrgð og hlutverki hvors aðila varðandi reikningskil Umhverfisstofnunar.



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík
Sími 569-7100

postur@rikisend.is – www.rikisendurskodun.is